

Háskóli Íslands í fyrsta sinn á Shanghai-listanum yfir bestu háskóla heims

- Háskóli Íslands í 10. sæti í heiminum á sviði fjarkönnunar, í 51.-75. sæti á sviði lífvísinda, í 76.-100. sæti í rafmagnsverkfræði, í 101.-150. sæti í jarðvísindum, í 201.-300. sæti í klínískri læknisfræði, í 300.-400. sæti í líffræði mannsins og lýðheilsuvísindum og í 401.-500. sæti í eðlisfræði.
- Rektor segir það staðfesta akademískan styrk Háskóla Íslands að hann sé nú kominn inn á Shanghai-listann. Gríðarleg samkeppni sé um að komast inn á þennan lista og mikilvægt sé að viðhalda stöðunni á næstu árum. Einkar ánægjulegt er að sjá að margar fræðigreinar innan Háskóla Íslands komi vel út í alþjóðlegum samanburði.

Háskóli Íslands hefur í fyrsta sinn komist á hinn virta Shanghai-lista yfir 500 bestu háskóla heims, en nýr listi fyrir árið 2017 var birtur í liðinni viku. Rektor greindi frá þessu á ársfundi Háskóla Íslands sem haldinn var í Hátíðasal skólans að viðstöddum mennta- og menningarmálaráðherra í dag. Rektor segir þetta vera mikla viðurkenningu og undirstrika vaxandi styrk háskólans á alþjóðavettvangi.

Háskóli Íslands er í sæti 401-500 á Shanghai-listanum, en listinn ber formlega heitið Academic Ranking of World Universities (ARWU). Hann hefur verið birtur árlega frá 2003 og byggist á ítarlegu og óháðu mati samtakanna Shanghai Ranking Consultancy á yfir 1.200 háskólum um allan heim. Við matið er horft til sex meginþátta, þar á meðal fjölda vísindagreina í virtum fræðitímaritum, fjölda tilvitnana annarra vísindamanna í rannsóknir á vegum háskólans, frammistöðu háskóla út frá starfsmannafjölda og fjölda starfsmanna sem hljóta vísindaverðlaun fyrir framlag sitt til einstakra fræðagreina.

Sú nýbreytni var tekin upp í ár að tilgreina einnig háskóla í sætum 500-800, en þar á meðal eru stofnanir sem eiga möguleika á að komast inn á listann yfir 500 bestu háskólana á næstu árum.

Samhliða Shanghai-listanum yfir fremstu háskóla heims eru einnig birtir listar yfir árangur þeirra á einstökum fræðasviðum. **Þar kemur m.a. fram að Háskóli Íslands er í 10. sæti yfir bestu háskóla heims á sviði fjarkönnunar, sem er einstakur árangur.** Fjarkönnun felst m.a. í því að taka stafrænar myndir úr flugvélum og gervitunglum og vinna úr þeim hvers kyns upplýsingar um yfirborð jarðarinnar. Fjarkönnunarrannsóknir ganga út á að þróa aðferðir til að draga fram upplýsingar úr fjarkönnunarmyndum ásamt því að safna og vinna úr fjarkönnunargögnum. Fjarkönnun er Íslendingum mikilvæg og hefur fjarkönnunartækni verið notuð hérlendis, t.d. við kortlagningu og eftirlit með gróðri og gróðurbreytingum, landnotkun og jöklabreytingum. Fjarkönnunarmyndir hafa einnig verið notaðar til að meta hita- og landhæðarbreytingar jarðhitasvæða og virkra eldfjalla auk eftirlits með hafís og hitastigi sjávar.

Háskólinn er enn fremur í 51.-75. sæti á sviði lífvísinda, í sæti 76-100 í rafmagns- og tölvuverkfræði og í 101.-150. sæti á fræðasviði jarðvísinda. Þá skila rannsóknir innan Háskóla Íslands skólanum í 201.-300. sæti á sviði klínískrar læknisfræði, í sæti 301-400 í

Lýðheilsuvísindum og líffræði mannsins og 401.-500. sæti yfir bestu háskóla heims á sviði eðlisfræði.

Shanghai-listinn er annar af tveimur virtustu og áhrifamestu matslistum yfir bestu skóla heims, en hinn er Times Higher Education World University Rankings. Háskóli Íslands hefur verið á lista Times Higher Education í sex ár í röð eða allt frá aldarafmæli skólans árið 2011. Háskóli Íslands er nú í 242. sæti í heiminum og í 15. sæti á meðal fremstu háskóla á Norðurlöndum samkvæmt mati Times Higher Education sem tekur til rannsóknastarfs, áhrifa rannsókna á alþjóðlegum vettvangi, gæða kennslu, námsumhverfis og alþjóðlegra tengsla.

Í ræðu sinni á ársfundi Háskóla Íslands í dag greindi Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, frá stöðu skólans á Shanghai-listanum. Þar sagði hann að Háskólinn hefði á að skipa afar hæfu og ósérhlífnu starfsfólki og stúdentum. Hin frábæra vinna þeirra og samstarfsaðila innanlands og utan hefði skilað skólanum inn á listann. Mjög mikilvægt væri að halda áfram að byggja á þessum árangri og því væri nauðsynlegt að tryggja fjármögnun Háskóla Íslands til langframa. Um 8-9 milljarða króna viðbótarfjármagn á ári þyrfti til að ná sambærilegri fjármögnun og háskólar annars staðar á Norðurlöndunum búa við. Til að mæta brýnustu þörfinni þyrfti að setja 1,5 milljarða króna í rekstur Háskóla Íslands strax til að efla starfsemina.

Harvard-háskóli í Bandaríkjunum telst besti háskóli heims samkvæmt mati Shanghai Ranking Consultancy en hann hefur trónað á toppi listans í 15 ár samfellt. Stanford-háskóli í Bandaríkjunum er í öðru sæti og Cambridge-háskóli Bretlandi í því þriðja, en þess má geta að bandarískir og breskir háskólar eru í 19 af 20 efstu sætum listans.

Listann Academic Ranking of World Universities yfir bestu háskóla heims og upplýsingar um grundvöll matsins má nálgast á heimasíðu Shanghai Ranking Consultancy: <http://www.shanghairanking.com/index.html>

ShanghaiRanking's Global Ranking of Academic Subjects 2017' Röðun eftir fagsviðum

	Sæti HÍ 2017
Natural Sciences	
1 Mathematics	-
2 Physics	401-500
3 Chemistry	-
4 Earth Sciences	101-150
5 Geography	-
6 Ecology	-
Engineering	
1 Mechanical Engineering	-
2 Electrical & Electronic Engineering	76-100
3 Automation & Control	-
4 Telecommunication Engineering	-
5 Instruments Science & Technology	-
6 Biomedical Engineering	-
7 Computer Science & Engineering	-
8 Civil Engineering	-
9 Chemical Engineering	-
10 Materials Science Engineering	-
11 Nanoscience & Nanotechnology	-
12 Energy Science & Engineering	-
13 Environmental Science & Engineering	-
14 Water Resources	-
15 Food Science & Technology	-
16 Biotechnology	-
17 Aerospace Engineering	-
18 Marine/Ocean Engineering	-
19 Transportation Science & Technology	-
20 Remote Sensing	10
21 Mining & Mineral Engineering	-
22 Metallurgical Engineering	-
Life Sciences	
1 Biological Sciences	51-75
2 Human Biological Sciences	301-400
3 Agricultural Sciences	-
4 Veterinary Sciences	-
Medical Sciences	
1 Clinical Medicine	201-300
2 Public Health	301-400
3 Dentistry & Oral Sciences	-
4 Nursing	-
5 Medical Technology	-

6 Pharmacy & Pharmaceutical Sciences -

Social Sciences

1 Economics -

2 Statistics -

3 Law -

4 Political Sciences -

5 Sociology -

6 Education -

7 Communication -

8 Psychology -

9 Business Administration -

10 Finance -

11 Management -

12 Public Administration -

13 Hospitality & Tourism Management -

14 Library & Information Science -

* Frá 2007-2016 var raðað í eftirfarandi fagsvið:

Natural Sciences and Mathematics

Engineering/Technology and Computer Sciences

Life and Agriculture Sciences

Clinical Medicine and Pharmacy

Social Science

Fram til ársins 2011 var fagsviðum 100 fremstu háskólanna raðað en frá 2012-2016 tók röðunin til 200 háskóla og til 500 háskóla frá og með árinu 2017.

ARWU Subject rankings

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Chemical Engineering	N/A							
Civil Engineering	N/A							
Electrical & Electronic Engineering	N/A							
Energy Science & Engineering	N/A							
Environmental Science & Engineering	201-300							
Materials Science & Engineering	N/A							
Mechanical Engineering	N/A							
Economics/Business								
Computer Science								
Chemistry								
Physics								
Mathematics								
fjöldi skóla á lista	500							